



# Sjálfbærnistefna Arion banka í iðnaði, orku og framleiðslu

Október 2023





# Sjálfbærnistefna Arion banka í iðnaði, orku og framleiðslu

*Arion banki leitast við að starfa með metnaðarfullum fyrirtækjum í iðnaði, orku og framleiðslu sem stuðla að vexti samfélagsins og viðhalda á sama tíma náttúrulegum gæðum til framtíðar.*

*Við viljum starfa með fyrirtækjum sem leggja metnað sinn í ábyrga nýtingu auðlinda og leggja sig fram við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, með það að markmiði að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040.*

*Við viljum starfa með fyrirtækjum sem virða mannréttindi, stuðla að jafnrétti og leggja áherslu á góða og vandaða stjórnarhætti.*

*Við hvetjum alla okkar viðskiptavini til gagnsæis varðandi frammistöðu í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti.*







# Arion banki og sjálfbærni í iðnaði, orku og framleiðslu

Við hjá Arion banka viljum vanda til verka og leggja okkar af mörkum til sjálfbærrar þróunar. Við leitumst við að eiga í viðskiptum við fyrirtæki sem deila þessari sýn okkar. Við leggjum ríka áherslu á umhverfis- og félagsþætti í okkar starfsemi og góða og vandaða stjórnarhætti. Við eigum í víðtæku samstarfi á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar, bæði innanlands og alþjóðlega, og erum aðilar að fjölmörgum sáttmálum og yfirlýsingum á því sviði.

Arion banki styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hefur valið sex markmið sem bankinn leggur megináherslu á. Markmiðin sem unnið er sérstaklega að eru markmið 5 um jafnrétti kynjanna, markmið 7 um sjálfbæra orku, markmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt, markmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu, markmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu og markmið 13 sem snýr að aðgerðum í loftslagsmálum.

Sjálfbærnistefna Arion banka í iðnaði, orku og framleiðslu er í takt við áherslur bankans og skuldbindingar á sviði sjálfbærni.







# Hvatning til fyrirtækja í iðnaði, orku og framleiðslu

Fyrirtæki í iðnaði, orku og framleiðslu gegna veigamiklu hlutverki í að styðja íslensk stjórnvöld í átt að kolefnishlutleysi og í að koma landinu í forystu á sviði sjálfbærni á heimsvísu. Arion banki vill starfa með fyrirtækjum í iðnaði, orku og framleiðslu sem vilja taka forystu í verðmætasköpun í sátt við umhverfið og samfélagið og ýta um leið undir samkeppnishæfni landsins.

## Dæmi um jákvæðar aðgerðir:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri þannig að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamkomulaginu og náð kolefnishlutleysi árið 2040
- Setja mælanleg markmið og aðgerðaáætlun um samdrátt losunar gróðurhúsalofttegunda og birta jafnframt umhverfisbókhalda
- Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í allri sinni starfsemi
- Draga úr óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda svo sem í flutningi og meðhöndlun úrgangs
- Vottað atvinnuhúsnæði s.s. BREEAM, LEED eða Svansvottun
- Fjárfesta í vistvænni tækni og búnaði eins og kostur er
- Vinna að og styðja við nýsköpun
- Kolefnisjafna starfsemina
- Styðja við hringrásarhagkerfið með því að minnka sóun, endurvinna, endurnýta og takmarka förgun
- Hámarka verðmætasköpun hráefnis
- Lágmarka umhverfisáhrif og nýta auðlindir á sjálfbæran hátt
- Starfa eftir jafnréttisstefnu og vinna að auknu jafnrétti
- Sporna gegn spillingu og mútum
- Leggja áherslu á heilsu og öryggi starfsfólks
- Aðgerðir til að viðhalda og endurheimta líffræðilegan fjölbreytileika
- Virða kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks og rétt þeirra til að vera aðilar að stéttarfélögum
- Virða mannréttindi
- Sýna ábyrgð í allri virðiskeðjunni







## Hvatning til fyrirtækja í stóriðju

Kolefnisspor orkufreks iðnaðar er minna á Íslandi en víða annars staðar í heiminum m.a. vegna nýtingar grænnar orku í framleiðsluferlum. Tækifæri eru þó til að gera enn betur til dæmis með bættri nýtingu orku og hráefna og með því að draga úr notkun skaðlegra efna. Arion banki hvetur fyrirtæki í þessari mikilvægu atvinnugrein áfram í átt til kolefnishlutleysis með áherslu á góða og vandaða stjórnarhætti sem einkennast af jafnréttismenningu og virðingu fyrir mannréttindum.

### Dæmi um jákvæðar aðgerðir:

- Draga úr losun í iðnaði innan ETS kerfisins svo hægt sé að ná markmiðum um 43% samdrátt í losun fyrir árið 2030 frá árinu 2005
- Bæta orkunýtingu og orkustýringu
- Vinna að því að fá eða viðhalda viðurkenndri umhverfisvottun s.s. frá frumvinnslu hráefna að endanlegri afurð og endurvinnslu eins og ASI vottun, ISO 14001
- Draga úr notkun eiturefna og annarra hættulegra efna
- Fanga og farga kolefni í framleiðslu og kolefnisjafna starfseminna
- Nýta CO<sub>2</sub> sem fellur til í starfseminni, til dæmis við framleiðslu rafeldsneytis
- Virkar mengunarvarnir, forvarnir og eftirlit
- Starfsfólk fái þjálfun í umhverfis, heilsu- og öryggismálum
- Viðeigandi vottun vegna heilsu- og öryggisstjórnunarkerfis s.s. OHSAS 18001







# Hvatning til orku- og veitufyrirtækja

Heimurinn stendur frammi fyrir risavöxnum áskorunum í tengslum við loftslagsbreytingar og nauðsynlegt að hafa hraðar hendur svo græn orkuskipti getið orðið að veruleika. Ísland er í fremstu röð á heimsvísu þegar kemur að nýtingu jarðvarma og vatnsafls við framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum. Tækifæri eru til að deila þessari reynslu og þekkingu með öðrum þjóðum og vera hluti af lausninni. Arion banki hvetur orku- og veitufyrirtæki áfram í átt til kolefnishlutleysis með áherslu á góða og vandaða stjórnarhætti sem einkennast af jafnréttismenningu og virðingu fyrir mannréttindum.

## Dæmi um jákvæðar aðgerðir:

- Bæta orkunýtingu og orkustýringu
- Fanga og farga kolefni í orkuframleiðslu
- Endurheimt náttúrugæða og landbætur
- Fjölbreytt framleiðsla grænnar orku með ábyrgum hætti
- Nýta CO2 sem fellur til af starfseminni við framleiðslu á rafeldsneyti
- Stuðla að sátt milli verndunar og nýtingar náttúruauðlinda
- Virkar mengunarvarnir, forvarnir og eftirlit
- Vatnsvernd og ábyrg neysla
- Fræðsla fyrir starfsfólk varðandi netógnir
- Vinna að því að fá eða viðhalda viðurkenndri umhverfisvottun í starfseminni s.s. ISO 14001 vottun







## Hvatning til endurvinnslufyrirtækja

Jákvæð þróun hefur átt sér stað á síðustu misserum í úrgangsmálum á Íslandi. Tækifæri eru til að gera enn betur, meðal annars með bættri auðlindastjórnun, úrgangsforvörnum og aðgerðum til að efla hringrásarhagkerfið. Mikilvægt er að standa enn betur að málum á komandi árum þegar kemur að endurvinnslu og nýtingu hráefnis í því augnamiði að draga úr sóun. Arion banki hvetur endurvinnslufyrirtæki áfram í átt til kolefnishlutleysis með áherslu á góða og vandaða stjórnarhætti sem einkennast af jafnréttismenningu og virðingu fyrir mannréttindum.

### Dæmi um jákvæðar aðgerðir:

- Auka verðmætasköpun með því að umbreyta úrgangi í verðmætar auðlindir
- Takmarka urðun eins og kostur er
- Auka hlutfall endurnýtingar og endurvinnslu
- Virkari söfnun og betri meðhöndlun spilliefna
- Áhersla á úrgangsforvarnir
- Vinna áfram að því að samræma flokkunarkerfi og merkingar
- Bæta úrgangsstjórnun
- Vinna að því að fá eða viðhalda viðurkenndri umhverfissvottun í starfseminni s.s. Svansvottun eða ISO 14001 vottun
- Fræða almenning, fyrirtæki og stjórnvöld um nauðsyn endurnýtingar, endurvinnslu og mikilvægi þess að efla hringrásarhagkerfið







# Hvatning til fyrirtækja í öðrum iðnaði og framleiðslu

Iðnaður og framleiðsla eru af fjölbreyttum toga og ná til ólíkra greina. Almennur og fyrirtæki eru alltaf að verða meðvitaðri um ábyrga framleiðslu og neyslu. Mörg af helstu framleiðslufyrirtækjum landsins hafa lagt áherslu á tækifæri í tengslum við nýsköpun og þróun á sviði sjálfbærni, hvort sem það er í eigin starfsemi eða framleiðslu. Arion banki hvetur fyrirtæki í framleiðslu áfram í átt til kolefnishlutleysis með áherslu á góða og vandaða stjórnarhætti sem einkennast af jafnréttismenningu og virðingu fyrir mannréttindum.

## Dæmi um jákvæðar aðgerðir:

- Umhverfisvænni kælimiðlun og lofthreinsibúnaður
- Draga úr matarsóun
- Framleiðsla á heilnæmum matvælum sem efla lýðheilsu
- Tryggja dýravelferð
- Draga úr notkun eiturefna og annarra hættulegra efna
- Velja umhverfisvænni umbúðir og pakkningar og draga úr plastnotkun
- Hanna og framleiða umhverfisvænar vörur
- Bæta merkingar á vörum og hvetja neytendur til að velja umhverfisvænni kosti
- Vinna að því að fá eða viðhalda viðurkenndri umhverfissvottun í starfseminni s.s. ISO 14001 svottun eða Svansvottun





# Farsælt viðskiptasamband

Við viljum styðja viðskiptavinum okkar til góðra verka og byggja upp sterkt og gott viðskiptasamband. Til að stuðla að vexti viðskiptasambandsins teljum við mikilvægt að fyrirtæki í viðskiptum hafi ekki neikvæð áhrif á fólk eða náttúru.

Dæmi um þætti í tengslum við iðnað, orku og framleiðslu sem gætu haft neikvæð áhrif á viðskiptasambandið:

- Brot á mannréttindum
- Spilling og mútur viðhafðar af hálfu félags
- Alvarleg slys á vinnustað vegna vanrækslu í öryggismálum
- Mengandi umhverfisslys á vegum fyrirtækis vegna vanrækslu
- Óábyrg nýting náttúruauðlinda







## Fjármálaumgjörð fyrir græna framtíð

Arion banki hefur gefið út heildstæða græna fjármálaumgjörð sem tekur til fjármögnunar bankans og lánveitinga. Í umgjörðinni er með skýrum og gegnsæjum hætti gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem lánveitingar bankans þurfa að uppfylla til að teljast umhverfisvænar.

Arion banki býður upp á grænar lánveitingar til fyrirtækja í samræmi við græna fjármálaumgjörð bankans. Til að lán til fyrirtækja í iðnaði, orku og framleiðslu geti flokkast sem græn þurfa yfir 90% af rekstrartekjum að vera tilkomnar vegna verkefna sem falla undir grænu fjármálaumgjörðina. Jafnframt er gerð ríkari krafa um upplýsingagjöf varðandi ófjárhagslega mælikvarða.

Bankinn býður auk grænna fyrirtækjalána upp á græn bílalán, lán til umhverfisvottaðs húsnæðis og grænan sparnað.

[Græn fjármálaumgjörð Arion banka](#)

[Álit Cicero](#)

[Áhrifa- og úthlutunarskýrsla 2022](#)

**Sérfræðingar okkar á fjárfestingarbanka- og fyrirtækjasviði taka vel á móti þér**  
Við hjá Arion banka viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavinum okkar og hjálpa þeim að ná markmiðum sínum og góðum árangri.





